



VÉLAMADUR HÓLMAVÍK

Starf vélamanns á þjónustustöðinni á Hólmavík er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið

- Almenn dagleg þjónusta á vegakerfinu á starfssvæðum Vegagerðarinnar á Hólmavík.
- Viðhald á t.d. vegstikum, umferðamerkjum og öðrum vegbúnaði.
- Ýmis vinna í starfsstöð.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn grunnnám.
- Almenn ökuréttindi og meirapróf bifreiðastjóra.
- Vinnuvélaréttindi.
- Góð reynsla af ámóta störfum.
- Reynsla af vegheflun er æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góðir samstarfshæfileikar.
- Gott vald á íslenskri tungu.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands. Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2019. Umsóknir berist Vegagerðinni, á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Hörður Elíasson yfirverkstjóri þjónustustöðinni á Hvammstanga í síma 522 1681 / 892 1403 og í gegnum netfangið jon.hordur.eliasson@vegagerdin.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.